

46
5. maí

9. gr.

Áð öðru en því, sem hjer er fyrir mælt, fer eftir girðingalögum nr. 66, frá 22. nóv. 1913.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. maí 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.

47
7. maí

HAFNARREGLUGJÖRD

fyrir

Húsavíkurkaupún.

I. Hafnargjöld.

1. Öll skip, sem mæld eru til lestatala 5 smálestir eða þar yfir, (að undanteknum þeim, er síðar getur um), skulu greiða í hafnargjald 10 aura af hverri smálest alls farrarúmsins í hvert skifti, er þau leggjast við akkeri eða aðrar festar á Húsavíkurhöfn, eftir að þau koma frá útlöndum, eða ef um skip ræðir, sem aðeins ganga hafna á milli á Íslandi, þá er þau í fyrsta sinn á árinu leita hafnar á Húsavíkurhöfn. Nú flytur skipið farm eða farþega af landi eða á og skal þá ennfremur gjalda 5 aura af hverri smálest. Sama gjald skulu og greiða þau skip, sem afhenda farm sinn í eða taka farm sinn úr öðrum skipum á höfninni. Liggi slík skip á höfninni lengur en 14 daga tvöfaldast gjaldið.

2. Hafni skipið sig oftast en einu sinni á árinu á Húsavíkurhöfn og hafi ekki á þeim tíma komið til annara landa, greiðist hafnargjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skifti, en síðan að helmingi.

3. Skip, er ganga milli hafna á Íslandi svo og milli Íslands og útlanda eftir ákveðnum ferðaáætlunum, skulu, þá er þau í fyrsta skifti á árinu koma á Húsavíkurhöfn, greiða hafnargjald, en síðan ekki, þótt þau hafni sig oftast á því sama ári. Íslensk fiskiskip greiða ekki hafnargjald nema einu sinni á ári.

II. Aukagjald.

47
7. maí

Öll skip, sem hafnargjald eiga að greiða og hafna sig á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, skulu greiða fyrir vitaljós hafnarinnar 2 krónur í hvert skifti, er þau leita hafnar á þessu tímabili. Sju skipin meira en 300 smálestir greiða þau 4 krónur. Skip, sem heimilisfang eiga á Húsavík, eru undanþegin þessu gjaldi.

Ljós gjald skal þó ekki greiða fyrir en hafnarljósum hefir verið komið upp.

III. Undanþága frá hafnargjaldi.

Undanþegin hafnargjaldi eru:

1. Öll herskip, varðskip, skemtiskip og skip, sem gjörð eru út til vísindalegra rannsókna.
2. Skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra sje á land borinn, ef þau flytja burt aftur farminn og ekkert annað.
3. Fiskiskip, er stunda veiðar frá Húsavík, er þau leita hafnar vegna illveðurs.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarnefndar og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeiganda og greiðist borgun eftir samkomulagi.

V. Hafnarsjóður og Hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem hjer að framan greinir, skulu renna í hafnarsjóð Húsavíkurkaupþúns og skal honum varið til þess, að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina eru eða verða gjörð, svo og til ljóskera til leiðbeiningar við innsiglingar á höfnina. Hafnarnefnd Húsavíkurkaupþúns skipa þrír menn. Er lögreglustjóri Þingeyjarsýslu formaður og hefir reikningshald á hendi, meðan hann býr á Húsavík, en breyti hann heimilisfangi, kemur hreppstjóri Húsavíkurhrepps í hans stað. Hinir nefndarmennirnir tveir eru kosnir af hreppsnefnd Húsavíkurhrepps og skal annar þeirra ávalt kosinn úr flökki hreppsnefndarmanna.

Skal hafnarnefndin sjá um, að reglugjörð þessari sje hlýtt, og skal hún stjórna hafnarsjóðnum undir eftirliti hreppsnefndar, sem veitir fje úr sjóðnum eftir tillögum hafnarnefndar og ber ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsfjelagsins, enda skulu reikningar hafnarsjóðs fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

VI. Mannvirki við höfnina.

Engin mannvirki má reisa við höfnina nema eftir tillögum hafnarnefndar og með leyfi hreppsnefndar.

47

7. maí

VII. Almenn ákvæði.

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa, skulu greiða gjöldin samkvæmt reglugjörð þessari til reikningshaldara strax og skipin hafa hafnað sig.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 krónum er renna í hafnarsjóð.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. maí 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.

48

23. maí

AUGLÝSING

um

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á viðauka og breytingum við lögreglusamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar, 15. júní 1920.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hjermeð staðfestur viðauki og breytingar á *lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað*, 15. júní 1920, er samið hefir bæjarstjórn nefnds kaupstaðar, svo sem hjer segir:

Aftan við 22. gr. kemur:

Nú álitur veganefnd, að síldarbryggjum, síldarpöllum eða öðrum mannvirkjum innan lögsagnarumdæmisins sje svo áfátt, að aðgerðar þurfi við, svo sem t. d. þegar göt eru á bryggjum eða síldarpöllum eða mannvirkin eru svo fúin eða sprungin, að þeim, sem fara um, geti að álitu veganefndar, stafað hætta af, þá getur bæjarstjórn heimtað af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, sem bæjarstjórnin telur þurfa, svo hættulaust sje.

Nú er aðgerðin ekki framkvæmd svo fljótt, sem bæjarstjórn telur þurfa, og getur hún þá látið aðgerðina fram fara á kostnað eigandans, og má taka kostnaðinn lögtaki hjá eiganda mannvirkisins, og hvílir aðgerðin sem lögveð á eigninni á undan öðrum veðböndum.

Nú er eigandi eða umráðamaður mannvirkis, sem aðgerðar þarf, ekki viðstaddur í bænum eða eigi næst til hans hjer á landi, og er þá bæjarstjórn heimilt að framkvæma aðgerðina á kostnað eigandans án tilkynningar.